

Nr. 010 / 15 Þrasi SH 375***Eldur um borð í Ólafsvík***

Skipaskr.nr. 7760
Smíðaður: Reykjanesbæ 2013, plast
Stærð: 4,53 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,92 m
Breidd: 2,33 m Dýpt: 1,48 m
Vél: Volvo Penta 171 kW, 2013
Fjöldi skipverja:

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Þrasi©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. janúar 2015 var Þrasi SH 375 við bryggju í Ólafsvík. Veður: SV 9 m/sek.

Báturinn hafði legið í höfninni undir eftirliti frá því nokkuð fyrir áramót. Skömmu eftir miðnætti sá íbúi á staðnum að mikill eldur var kominn upp í honum og hafði samband við Neyðarlínuna sem kallaði út slökkvilið bæjarins.

Þegar slökkviliðið kom á hafnarbakkann var báturinn orðinn alelda frá stýrishúsi aftur á skut en fljótlega tókst að slökkva eldinn og var notast við froðu.




Þrasi brennur©Þröstur Albertsson

Ljóst var að báturinn er verulega skemmdur.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt niðurstöðum Mannvirkjastofnunar, sem skoðaði fimm sýni sem ástæða þótti til að senda í sérstaka rannsókn. Líkur voru taldar á því að eldsupptök hefðu verið í lausataugum fyrir landtengingu. Svo virtist sem eldurinn hafi komið upp í aftanverðu stýrishúsi bakborðsmeginn og vindur sem stóð á stefni bátsins hafi borið hann aftur eftir honum;

- að sýnin sem skoðuð voru: Blá mælasnúra, fjöltengi og hleðslutæki, lausataugar fyrir landtengingu, snúrutengill og hitablásarinn sem var í gangi;



Teikning af rafmagnslögn úr vélarúmi og fram í stýrishús

- að landtengingin frá rafmagnskassa á bryggjunni var tengd í vélarúm. Teikningin sýnir hvernig rafmagslögnin lá fram í stýrishúsið í rafmagnsofn á gólfi þess. Guli hringurinn sýnir áætlaðan brunastað. Myndin hér að neðan sýnir, að sögn eiganda, hvernig raflögn (Rauðar örvar) var háttað inn og út úr stýrishúsinu;



Myndin sýnir inn í stýrishúsið bakborðsmegin©Lögreglan

- að fram kom hjá eiganda að þessar lausataugar fyrir landtenginguna hafi ekki verið hringaðar upp á neinn hátt að vitni taldi að eldurinn hafi verið mestur aftarlega í bátinum sem síðan færðist fram og upp.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á að eldsupptök hafi verið út frá rafmagni.